

Alþingi  
Erindi nr. P 139/2415  
komudagur 13.5.2011

Nefndarsvið Alþingis  
Samgöngunefnd  
Austurstræti 8 -10  
150 Reykjavík



Reykholahreppur 12. maí 2011  
Þskj. 718 – 439. mál

**Umsögn Reykhólahrepps vegna frumvarps til laga um uppbyggingu á Vestfjarðarvegi ( veglagning út með Þorskafirði um Teigskóg), 439. mál.**

Á næstu tveim árum er ráðgert að leggja nýjan veg á Skálanesi og um Múlasveit frá Þverá í Kjálkafirði að Eiði í Vattarfirði. Til að ljúka framkvæmdum með öruggum heilsársvegi verður þá eftir leiðin um Gufudalssveit frá Skálanesi að Bjarkarlundi. Sú framkvæmd er í óþolandi biðstöðu og hefur verið síðan Hæstiréttur úrskurðaði um málið í október 2009. Stjórnvöld verða að höggva á þann hnút.

Vegasamgöngur við Vestur-Barðastrandarsýslu eru af þessum sökum vægast sagt í algjörum ólestri. Þessi staða, eins og öllum má ljóst vera, hefur um langt árabil hamlað viðgangi og vexti samfélagsins, búsetu og samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu. Þá má enn og aftur benda á að innan Reykhólahrepps er börnum ekið til og frá skóla þessa leið um óásættanlega vegi.

Með það að markmiði að tryggja íbúum sínum og samfélögum á sunnanverðum Vestfjörðum greiðar samgöngur með fyllsta öryggi, hefur Reykhólahreppur fylgt þeirri stefnu að Vestfjarðavegur 60 um Gufudalssveit verði lagður samkvæmt leið B, frá Skálanesi, þvert yfir Gufufjörð og Djúpaþfjörð, um Hallsteinsnes og inn með Þorskafirði að vestanverðu og er sá vegur samþykktur í aðalskipulagi hreppsins 2006-2018. Frá því að úrskurður Hæstaréttar setti málið í hnút eru liðin hartnær tvö ár, framkvæmdin er enn í algerri óvissu og engin lausn í sjónmáli. Framhald málsins gæti tekið mörg ár og engin vissa um niðurstöðu fyrir dómstólum. Alþingi og samgönguyfirvöld geta ekki boðið upp á slíkt ástand og verða að grípa inn í atburðarásina og tryggja skjóta niðurstöðu.

Reykholahreppur hvetur þingmenn til að skoða alla þá möguleika sem fyrir hendi eru til að tryggja markmið um öruggan heilsársveg á láglandi um Gufudalssveit. Reykhólahreppur er reiðubúinn til samstarfs við stjórnvöld um að skoða allar leiðir sem færar eru til að ná fram því markmiði. Sjái stjórnvöld sér ekki fært að finna lausn sem byggir á svokallaðri B-leið um Gufudalssveit, ber þeim skylda til að koma fram með aðra leið sem uppfyllir sömu markmið um öruggan heilsársveg og getur jafnframt flýtt framkvæmdinni.

Umsögn samþykkt á fundi hreppsnefndar Reykhólahrepps þann 12. maí 2011.

